## FLEIRI VILJA AÐSKILJA TRÚ OG SKÓLASTARF EN EKKI

- Rúmlega 45% Íslendinga telja að kristnar trúarathafnir, bænir eða guðsorð eigi ekki að vera liður í starfi opinberra leik- og grunnskóla (eru ósammála að trú eigi að vera liður í skólastarfi), en á milli 35% og 36% telja að svo eigi að vera (eru sammála). Sambærileg könnun var gerð árið 2015 fyrir Siðmennt. Um 10 prósentustigum fleiri Íslendingar eru andvígir nú en þá. Þó er ekki marktækur munur á meðaltali á kvarðanum 1-5 frá síðustu mælingu.

- Töluverður munur er á viðhorfi til kristinna trúarathafna í skólum eftir aldri. Með hækkandi aldri eru Íslendingar líklegri til þess að vera sammála því að kristnar trúarathafnir eigi að vera liður í skólastarfi. Fólk á aldrinum 18-29 ára en líklegast til þess að vera andvígt, eða tæplega 66% og Íslendingar 60 ára og eldri eru líklegastir til þess að vera hlynntir, eða um 60%.

- Reykvíkingar eru líklegastir til þess að vera andvígir kristilegum trúatathöfnum í skólastarfi en Sunnlendingar og Reyknesingar eru líklegastir til þess að vera hlynntir því. Töluverð breyting hefur orðið á viðhorfi á meðal Austfirðinga á þessum þremur árum, því um 10% þeirra voru andvíg trú í skólastarfi árið 2015, en rúmlega 33% nú.




- Háskólamenntaðir Íslendingar eru töluvert líklegri til þess að vera andvígir trú í skólastarfi eða rúmlega 55%, samanborið við rúmlega 32% þeirra sem hafa lokið grunnskólaprófi og tæplega 41% þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi eða iðnmenntun.

- Íslendingar sem búa á heimili með 1-2 börn eru líklegastir til þess að vera andvígir því að kristnar trúarathafnir eigi að vera liður í skólastarfi, eða á milli 52% og 53%. Heimili með tveimur eða fleiri fullorðnum og engum börnum eru hlynntastir því, eða 41%.

- Svarendur voru 854 talsins og komu úr Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Könnunin fór fram dagana 20. nóvember - 1. desember 2018. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá thora@maskina.is.

Sp. 1. Ertu sammála eða ósammála því að kristnar trúarathafnir, bænir eða guðsorð, eigi að vera liður í starfi opinberra leikskóla og grunnskóla?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög sammála (5) | 168 | 19,8 |
| Fremur sammála (4) | 133 | 15,7 |
| Í meðallagi (3) | 163 | 19,2 |
| Fremur ósammála (2) | 133 | 15,7 |
| Mjög ósammála (1) | 251 | 29,5 |
| Gild svör | 849 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 849 | 99,5 |
| Svöruðu ekki | 5 | 0,5 |
| Heildarfjöldi | 854 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 2,81 |
| Vikmörk á meðaltalið | +/-0,10 |
| Staðalfrávik | 1,50 |




Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög sammála“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög ósammála“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




Ekki er marktækur munur á meðaltali frá síðustu mælingu skv. t-prófi.

Sp. 1. Ertu sammála eða ósammála því að kristnar trúarathafnir, bænir eða guðsorð, eigi að vera liður í starfi opinberra leikskóla og grunnskóla?

| | Gild svör | Sammála | Í meðallagi | Ósammála | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| Allir | 849 | 35,5 | 19,2 | 45,2 | 2,81 | |
| **Kyn** | | | | | | |
| Karl | 434 | 39,1 | 18,5 | 42,3 | 2,88 | -0,18 |
| Kona | 416 | 31,8 | 20,0 | 48,2 | 2,73 | -0,23 |
| **Aldur*** | | | | | | |
| 18-29 ára | 213 | 14,8 | 19,4 | 65,7 | 2,11 | |
| 30-39 ára | 165 | 23,4 | 17,9 | 58,8 | 2,39 | |
| 40-49 ára | 152 | 32,7 | 20,3 | 47,0 | 2,71 | |
| 50-59 ára | 153 | 53,4 | 21,5 | 25,0 | 3,45 | |
| 60 ára og eldri | 167 | 60,1 | 17,4 | 22,6 | 3,60 | |
| **Búseta*** | | | | | | |
| Reykjavík | 311 | 27,5 | 17,0 | 55,5 | 2,50 | -0,23 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 237 | 39,5 | 18,0 | 42,4 | 2,88 | -0,03 |
| Suðurland og Reykjanes | 124 | 40,5 | 24,9 | 34,6 | 3,19 | -0,09 |
| Vesturland og Vestfirðir | 35 | 43,9 | 18,5 | 37,7 | 3,04 | -0,43 |
| Norðurland | 103 | 43,4 | 15,8 | 40,7 | 3,00 | -0,37 |
| Austurland | 40 | 31,2 | 35,4 | 33,3 | 2,88 | -0,89 |
| **Menntun*** | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 121 | 42,8 | 25,0 | 32,2 | 3,14 | -0,10 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 287 | 40,3 | 18,9 | 40,8 | 2,97 | -0,36 |
| Háskólapróf | 372 | 28,1 | 16,7 | 55,2 | 2,51 | -0,10 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

Sp. 1. Ertu sammála eða ósammála því að kristnar trúarathafnir, bænir eða guðsorð, eigi að vera liður í starfi opinberra leikskóla og grunnskóla?

| | Gild svör | Sammála | Í meðallagi | Ósammála |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| **Allir** | 849 | 35,5 | 19,2 | 45,2 |
| **Heimilistekjur** | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 126 | 27,9 | 20,6 | 51,5 |
| 400 til 549 þúsund | 82 | 38,3 | 12,9 | 48,8 |
| 550 til 799 þúsund | 138 | 34,3 | 17,6 | 48,1 |
| 800 til 999 þúsund | 99 | 35,5 | 22,4 | 42,1 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 115 | 31,7 | 21,9 | 46,4 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 136 | 35,5 | 15,2 | 49,3 |
| **Hjúskaparstaða*** | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 619 | 36,9 | 20,9 | 42,2 |
| Einhleyp(ur) | 128 | 21,5 | 11,6 | 66,9 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 44 | 52,4 | 9,8 | 37,8 |
| **Heimilisgerð*** | | | | |
| Ein(n) á heimili | 95 | 38,0 | 16,2 | 45,8 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 282 | 28,9 | 18,4 | 52,6 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 76 | 27,6 | 28,9 | 43,4 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 333 | 41,0 | 18,1 | 40,9 |







*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

# TRÚ OG SKÓLASTARF

Sp. 1. Ertu sammála eða ósammála því að kristnar trúarathafnir, bænir eða guðsorð, eigi að vera liður í starfi opinberra leikskóla og grunnskóla?

| | Gild svör | Sammála | Í meðallagi | Ósammála |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| Allir | 849 | 35,5 | 19,2 | 45,2 |
| Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?* | | | | |
| Flokk fólksins | 38 | 43,4 | 27,2 | 29,4 |
| Framsóknarflokkinn | 34 | 50,8 | 23,1 | 26,1 |
| Miðflokkinn | 53 | 73,2 | 11,0 | 15,8 |
| Pírata | 69 | 10,8 | 12,8 | 76,3 |
| Samfylkinguna | 84 | 18,5 | 17,0 | 64,5 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 140 | 51,3 | 13,9 | 34,8 |
| Viðreisn | 55 | 30,6 | 13,6 | 55,7 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 62 | 29,3 | 14,9 | 55,9 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.